



Skólaskýrsla Grenivíkurskóla



**Skólaárið
2020-2021**

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| 1. Stefna skólans – Hugur, hönd og heimabyggð..... | 2 |
| 2. Mannauður og skóladagar..... | 3 |
| 3. Nám og kennsla..... | 5 |
| 3.1 Samræmd próf..... | 5 |
| 3.2 Samstarf við foreldra/forráðamenn..... | 6 |
| 3.3 Þróunarverkefni..... | 7 |
| 4. Úr skólalífinu..... | 9 |
| 5. Símenntun..... | 11 |
| 6. Sjálfsmat og námskrá..... | 12 |
| 7. Lokaorð..... | 13 |

Viðaukar

Nemendaskrá 2020-2021

Skóladagatal 2020-2021

1. Stefna skólans – Hugur, hönd og heimabyggð.

Starfsfólk Grenivíkurskóla leggur áherslu á eftirtalin atriði:

- Vel skipulagt og öruggt vinnuumhverfi.
- Vel skilgreind og skýr námsmarkmið.
- Góða daglega stjórnun.
- Framfarir í námi hvers nemanda.
- Góðar aðstæður til náms og starfa.
- Virkt eftirlit með námi nemenda.
- Gott samstarf heimila og skóla.

Leitast skal við að haga skólastarfinu í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Áhersla er lögð á að nýta námstímann vel og að allir nýti hæfileika sína til fulls. Skólaheitið okkar er:

“Ég kem í skólann til að læra og gera mitt besta”.

Stefna skólans felur m.a. í sér að skólinn vinni markvisst að því:

- Að búa nemendum hlýlegt, heilsusamlegt og þroskavænlegt námsumhverfi.
- Að efla sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd nemenda, örva sjálfstæða hugsun og temja þeim ábyrgð á eigin athöfnum og viðfangsefnum.
- Að vekja athygli nemenda á þeim möguleikum sem heimabyggð þeirra hefur upp á að bjóða varðandi búsetu og atvinnu.
- Að efla félagsþroska nemenda meðal annars með því að þeir taki þátt í að móta eigið starfsumhverfi, félags- og menningarlíf.
- Að fræða nemendur og gera þá færa um að afla sér þekkingar og leikni og að temja sér hagkvæm vinnubrögð.
- Að allir nemendur finni tilgang með því að vera í skólanum.
- Að auka umhverfismennt nemenda með verkefnum tengd endurvinnslu og náttúruvernd.
- Að stuðla að hollu mataræði og aukinni hreyfingu meðal barna, unglunga og fjölskyldna þeirra.

2. Mannauður og skóladagar

Haustið 2020 voru 53 nemendur í Grenivíkurskóla. Um vorið voru nemendur 54.¹

Námshópar voru fimm.

| Bekkur/hópur | Umsjónarkennari | Fjöldi nemenda |
|----------------|----------------------------|---|
| 1. – 2. bekkur | Heiða Björk Pétursdóttir | 1. bekkur: 7+1 2. bekkur: 2 Samtals: 9+1 |
| 3.- 4. bekkur | Kolbrún Hlín Stefánsdóttir | 3. bekkur: 6 4. bekkur: 5 Samtals: 11 |
| 5.-6. bekkur | Hólmfríður Björnsdóttir | 5. bekkur: 8 6. bekkur: 6 Samtals: 14 |
| 7.-8. bekkur | Sigríður Diljá Vagnsdóttir | 7. bekkur: 8 8. bekkur: 3 Samtals: 11 |
| 9.-10. bekkur | Inga María Sigurbjörnsd. | 9. bekkur: 5 10. bekkur: 3 Samtals: 8 |

Kennarastundir voru 235 í viku (skólavistun þar með talin). Þar af voru u.þ.b. 35 ætlaðar til stuðningskennslu og 6 til kennslu í íslensku fyrir tvítyngda nemendur. Stöðugildi kennara við skólann voru um 9,4. Rannva Olsen frá Tónlistarskóla Eyjafjarðar sá um tónmennt, 2 kennslustundir á viku hjá 1.-4. bekk og hún og Sigurður Ingimarsson kenndu 6. bekk einn tíma á viku á marimbur.

Kennarar/leiðbeinendur:

1. Edda Björnsdóttir ⇒ 57,69% starf.
2. Elsa María Guðmundsdóttir ⇒ 92,31% starf, þar af 38,46% í skólavistun.
3. Guðni Sigþórsson ⇒ 80% starf sem leiðbeinandi frá 1. febrúar.
4. Guðrún Árnadóttir ⇒ 84,62% starf. Hækkaði í 88,46% eftir áramót. Fagstjóri stuðningskennslu.
5. Heiða Björk Pétursdóttir ⇒ 92,31% starf. Lækkaði í 84,61% eftir áramót.
6. Hólmfríður Björnsdóttir ⇒ 100% starf. Staðgengill skólustjóra.
7. Inga M. Sigurbjörnsdóttir ⇒ 100% starf.

¹ Sjá viðauka 1 – nemendaskrá 2020-2021.

8. Kolbrún Hlín Stefánsdóttir ⇒ 88,46% starf.
9. Oddný Jóhannsdóttir ⇒ 61,54% starf.
10. Sigríður Diljá Vagnsdóttir ⇒ 100%.
11. Steinunn Adolfsdóttir ⇒ 92,31% starf. Fór í fæðingarorlof í apríl.
12. Svala Fanney Snædahl Njálsdóttir ⇒ 72% starf, þar af 12% í skólavistun.
13. Þorgeir Rúnar Finnsson ⇒ 100% starf sem skólastjóri. Sinnti einnig kennslu.

Skólaliðar og skólavistun:

1. Ólína Helga Friðbjarnardóttir ⇒ Skólaliði 2 – 69,45% starf.
2. Brynhildur Jóna Helgadóttir ⇒ Skólaliði 2 – 68,56% starf.
3. Kristín Sigurðardóttir ⇒ Matráður 3 – 47,5% starf.
4. Elsa María Guðmundsdóttir ⇒ 38,46% starf í skólavistun.
5. Svala Fanney Snædahl Njásdóttir ⇒ 12% starf í skólavistun.

Guðni Sigbórsson leysti Steinunni af í fæðingarorlofi frá apríl en var fram að því í ýmsum afleysingum. Aðrir sem starfa í skólanum eru Hermann Gunnar Jónsson, umsjónarmaður fasteigna, Björn Ingólfsson bókavörður og Sesselja Bjarnadóttir hjúkrunarfræðingur. Þá er Anna Bára Bergvinsdóttir skólabílstjóri.

Búið er að ráða Ingu Rakel Ísaksdóttur sem kennara við skólann næsta vetur, en hún leysir Steinunni Adolfsdóttur af í fæðingarorlofi. Enn á eftir að ganga frá ráðningu skólastjóra og skólaliða en Ásta Flosadóttir og Ólína Helga Friðbjarnardóttir hætta störfum við skólann að loknu þessu skólaári.

Skóladagar áttu að vera 180 á skólaárinu, eins og sjá má á skóladagatali.² Þrátt fyrir samkomutakmarkanir vegna Covid-19 faraldursins tókst að halda úti nær hefðbundnu skólastarfi allt skólaárið. Þó var skólanum gert að loka síðustu tvo daga fyrir páskafrí, fimmtudaginn 25. mars og föstudaginn 26. mars. Veður var gott meira og minna allan veturinn og aldrei kom til þess að aflýsa þyrfti skóla vegna veðurs.

² Sjá viðauka 2 – skóladagatal 2020-2021.

Nemendaráð

Nemendur á unglíngastigi kusu nemendaráð sem stóð fyrir ýmsum uppákomum og stjórnaði félagslífi nemenda í vetur. Í nemendaráði voru: *Karen Fatima Róbertsdóttir formaður, Sigríður Edda Ingólfsdóttir gjaldkeri, Elmar Ingi Gunnþórsson ritari, Bjarni Ben Stefánsson og Embla Lind Ragnarsdóttir meðstjórnendur.*

3. Nám og kennsla

Nemendur í 1. – 4. bekk fengu 30 kennslustundir á viku, nemendur í 5. – 10. bekk fengu 35 kennslustundir á viku. Hver kennslustund er 40 mínútur. Nemendur á unglíngastigi voru í sk. utanskólavali þessu til viðbótar, sem samsvarar 2 kennslustundum á viku. Nemendur á unglíngastigi hafa 4 tíma í frjálsum vali á viku. Þau völdu sér sk. *heimanáms tíma*, í 2 tíma á viku, en það eru tímar þar sem unnið er að heimanámi undir handleiðslu kennara og hluti hópsins er í heimilisfræði. Á þessu skólaári var svo gerð tilraun með svokallaða valrúllu fyrir hina 2 valtímana. Þá er skólaárinu skipt upp í fjórar lotur og í hverri lotu var kennt valnámskeið í 8-9 vikur. Nemendur gátu valið á milli ýmissa valgreina og þær fjórar greinar sem flestir völdu voru kenndar í áður nefndum lotum. Með þessu var stefnan að koma betur til móts við nemendur og tryggja það að allir nemendur myndu fá a.m.k. einhverjar greinar sem þeir völdu kenndar. Þessi tilraun tókst vel og voru nemendur og kennarar ánægð með fyrirkomulagið. Þær greinar sem kenndar voru í valrúllunni voru *jóga, leiklist, hreyfival/skólahreysti og eldamennska/bakstur.*

Skólaárinu er skipt í þrjár annir. Nemendur fengu afhent formlegt námsmat á skólaslitunum í júní. Námsmatið byggir að miklu leyti á leiðsagnarmati og símati, það er verið að meta nemendur allt árið. Þeir taka stuttar kannanir, próf, skila verkefnum, vinna verkefni í tíma, samvinnuverkefni og fleira. Allt þetta er metið til einkunna. Foreldraviðtöl voru tekin í upphafi skólaárs hjá nemendum í 1. bekk og í nóvember og febrúar hjá öllum nemendum skólans. Í nóvember þurfti að bregða á það ráð að hafa foreldraviðtölin með rafrænum hætti vegna samkomutakmarkana og tókst það ágætlega upp.

3.1 Samræmd próf

Fjórði og sjöundi bekkur

Fimmtudaginn 24. september 2020 var samræmt próf í íslensku fyrir 7. bekk. Miðvikudaginn 30. september fór 4. bekkur í samræmt próf í íslensku. Meðaltöl lítilla skóla eru ekki birt. Nemendur fá hæfnieinkunn (A-D) og einnig sk. „raðtölu“ (0-99) þar sem meðaltalið er 50. Fjórir nemendur tóku próf í 4. bekk og átta nemendur tóku próf í 7. bekk.

Föstudaginn 25. september 2020 var samræmt próf í stærðfræði fyrir 7. bekk. Fimmtudaginn 1. október fór 4. bekkur í samræmt próf í stærðfræði. Meðaltöl lítilla skóla eru ekki birt. Nemendur fá hæfnieinkunn (A, B, C eða D) og einnig sk. „raðtölu“ (0-99) þar sem meðaltalið er 50. Fjórir nemendur tóku próf í 4. bekk og átta nemendur tóku próf í 7. bekk.

Níundi bekkur

Dagana 8.-10. mars voru skipulögð samræmd próf í íslensku, ensku og stærðfræði fyrir nemendur í 9. bekk. Nemendur fá hæfnieinkunn (A, B, C og D) í öllum námsgreinunum og einnig sk. „raðtölu“ (0-99) þar sem meðaltalið er 50. Við fyrirlögn fyrsta prófsins, í íslensku, hrundi prófakerfið sem notast er við, en prófin eru öll tekin rafrænt. Nemendur náðu að klára íslenskuprófið en öðrum prófum var frestað þar til hægt væri að tryggja góða framkvæmd. Nemendur fengu svo val um að þreyta próf í stærðfræði og ensku í apríl en enginn í Grenivíkurskóla kaus að gera það. Miklar umræður um tilgang og framsetningu prófanna fylgdu í kjölfar þessara örðugleika við framkvæmd prófanna og líklegt verður að teljast að breytingar verði gerðar á fyrirkomulagi samræmdra prófa.

Farið var yfir niðurstöður samræmdra prófa með forráðamönnum nemenda, fagkennurum og umsjónarkennurum.

3.2 Samstarf við foreldra/forráðamenn

Samstarf við foreldra og forráðamenn hefur gengið vel þótt samkomutakmarkanir vegna Covid-19 hafi vissulega gert það að verkum að almennt hefur ekki verið hægt að bjóða fólki í skólann eða á viðburði. Í eðlilegu árferði eiga foreldrar greiðan aðgang að skólanum og eru ávallt velkomin. Samskipti gegnum síma, fésbók og tölvupóst eru ráðandi og starfsfólk skólans hefur þannig verið í góðu sambandi við heimilin. Öll heimili nemenda eru nettengd og hafa aðgang að tölvupósti. Allir foreldrar eru tengdir fésbókinni og eru inni á lokuðum hóp Grenivíkurskóla og á lokuðum bekkjarsíðum þar

sem fréttum, myndum og tilkynningum er deilt. Þá heldur skólinn úti virkri heimasíðu þar sem nálgast má allar upplýsingar um skólann og skólastarfið ásamt fréttum og myndum.

Foreldraviðtöl með nemendum: Mánudaginn 24. ágúst komu foreldrar nemenda í 1. bekk í foreldraviðtöl en föstudaginn 4. nóvember og föstudaginn 19. febrúar mættu allir nemendur skólans í viðtal til umsjónarkennara ásamt forráðamönnum. Þar var farið yfir stöðuna í náminu og ýmislegt annað tengt samskiptum og framkomu.

Foreldraspjall/bekkjarfundir: Ekki var hægt að halda bekkjarfundir að hausti vegna samkomutakmarkana en stefnt er að því að taka það upp að nýju á næsta skólaári.

3.3 Þróunarverkefni

Grænfáninn

Vorið 2007 flaggaði Grenivíkurskóli Grænfánanum en hann er alþjóðleg viðurkenning á því að skólinn stendur sig vel í umhverfismálum. Vorið 2009 fengum við Grænfánann aftur, þann 13. október 2011 fengum við fánann í þriðja sinn og fjórði fáninn var afhentur haustið 2013. Vorið 2016 fékk skólinn fánann afhentan í fimmta sinn og haustið 2018 í sjötta sinn. Í vetur hefur verið lögð áhersla á að halda áfram á sömu braut, þ.e. flokka rusl, endurnýta pappír, ganga vel um náttúruna o.s.frv. Við höldum áfram við moltugerð og settum moltu í kartöflugarðinn og á tré í nágrenni skólans. Nemendur sjá um að setja í moltutunnuna ásamt matræði, umsjónarkennurum og heimilisfræðikennurum, en starfsmenn hreppsins hafa aðstoðað okkur við tæminguna.

Mannabreytingar og það skrítna ástand sem verið hefur í samfélaginu undanfarna 15 mánuði eða svo hafa valdið því að ekki hefur verið sótt um Grænfánann síðan 2018. Á næsta skólaári er stefnt að því að sinna verkefninu enn betur og stefna að því að sækja um endurnýjun á Grænfánanum vorið 2022.

Útiskólinn

Á þessu skólaári hafa nemendur í 1. – 6. bekk verið í útiskóla einu sinni í viku, tvær kennslustundir í senn. Námsgreinar á borð við samfélagsfræði, náttúrufræði, stærðfræði, heimilisfræði, listgreinar og lífsleikni eru fléttaðar saman í fjölbreytt verkefni. Nágrenni skólans er nýtt, m.a. skoðuðu nemendur plöntur og virkni þeirra.

Nemendur hafa meðal annars unnið verkefni um ferðapjónustu í heimabyggð, safnað jurtum og berjum og útbúið krem og sultu, kynnt sér eyðibýli í Grýtubakkahreppi, farið í göngu- og hjólaferðir, tínt rusl og eldað úti svo fátt eitt sé nefnt.

Útiskólinn er frábært tækifæri til þess að nýta umhverfið í leik og starfi. Kennarar höfðu umsjón með útiskólanum og unnu saman að því að skipuleggja hann. Næsta skólaár verður haldið áfram með þetta verkefni þótt mögulega verði það kallað Áttahagafræði. Áfram verður áherslan þó á fjölbreytt, samþætt verkefni þar sem fléttast saman samfélagsfræði, náttúrufræði og aðrar greinar.

Olweusaráætlunin gegn einelti

Haustið 2010 hóf Grenivíkurskóli innleiðingarferli Olweusaráætlunarinnar gegn einelti. Í gæðahring fjalla umsjónarkennarar um einelti og afleiðingar þess. Gæðahringur er einu sinni í viku og gott tækifæri til þess að stunda markvissa forvörn. Í tilefni af baráttudegi gegn einelti var verkefnastjóri Olweusarverkefnisins með umræðu um einelti og áhrif þess. Í lokin rifjuðum við upp ástæðu græna karlsins sem málaður er á vegg skólans. Nýir nemendur og starfsfólk útbjuggu blóm og festu á græna karlinn til marks um að þau ætli að leggja sitt að mörkum í baráttunni gegn einelti. Nemendur tóku könnun þar sem staðan í skólanum var greind og niðurstöðurnar kynntar fyrir starfsfólki. Sökum Covid-19 var ekki hægt að boða til foreldafundar til þess að kynna niðurstöður. Niðurstöður könnunarinnar benda til þess að við séum í ágætum málum þó svo að nokkra hluti megi bæta og að einhver samskiptavandi sé til staðar hjá ákveðnum hópi nemenda.

Byrjendalæsi

Haustið 2011 hófu Grenivíkurskóli og Valsárskóli í sameiningu að innleiða Byrjendalæsi í skólunum. Skólaþróunarsvið HA stýrði verkefninu, sem miðar að meiri fjölbreytni í kennsluáðferðum lestrarkennslu. Þróunarverkefnið tók tvö ár og tekur til íslenskukennslu á yngsta stigi. Kennarar á yngsta stigi notfæra sér aðferðir byrjendalæsis. Stefnt er að því að halda áfram að kenna í anda Byrjendalæsis á yngsta stigi næsta vetur.

4. Úr skólalífinu

Skólasetning og skólaslit: Grenivíkurskóli var settur þriðjudaginn 25. ágúst 2020. Að þessu sinni var skólinn settur úti á leiksvæði skólans og að skólasetningu lokinni var útivistardagur. Var þessu fyrirkomulagi ágætlega tekið og stefnt að því að hafa sama háttinn á næsta haust. Skólanum var slitið við hátíðlega athöfn þriðjudaginn 1. júní 2021. Þá fengu nemendur afhent námsmat skólaársins.

Útivistardagar: 25. og 26. ágúst voru útivistardagar. Gengið var upp að gömlu sundlauginni, farið í útileiki og fleira skemmtilegt gert.

Ólympíhlaup ÍSÍ: 18. september tóku nemendur skólans þátt í Ólympíuhlaupi ÍSÍ. Nemendur gátu valið um að hlaupa allt frá 2,5 og upp í 10 kílómetra og raunar hlupu þau sem fóru lengst í kringum 12 kílómetra, þar sem farið var í kringum Höfðann.

Jól í skókassa: Við tókum þátt í verkefninu „jól í skókassa“ í og sendum frá okkur um 30 kassa fulla af góðum og gagnlegum hlutum.

Desember: Síðustu vikurnar fyrir jólafrí litast af jólaundirbúningi. Við sungum jólalög, gerðum laufabrauð, skreyttum stofur, fórum í kyndlagöngu og margt fleira.

Litlu jólin: Litlu jól nemenda og starfsmanna voru föstudaginn 18. desember.

Jólasveinarnir kíktu í heimsókn og síðan var farið í íþróttasal skólans þar sem nemendur þökkðu fyrir pakkana og sungu jólalag. Vegna samkomutakmarkana var ekki dansað í kringum jólatréð eða farið í leiki eins og venjan er.

Vorskemmtun: Nemendur og starfsfólk skólans settu á svið sýninguna „Með allt á hreinu“ í lok apríl. Upphaflega áttu að vera sýningar í lok mars en þeim var frestað til að freista þess að geta boðið áhorfendum. Því miður gekk það ekki og því var sýningin tekin upp og deilt til foreldra/forráðamanna og annarra áhugasamra með rafrænum hætti.

Stóra upplestrarkeppnin: Nemendur í 7. bekk í Grenivíkurskóla, Fjallabyggð, Dalvíkurskóla, Þelamerkurskóla og Hrafnagilsskóla tóku þátt í lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í Kvosinni í MA í byrjun mars. Olgeir Máni Bjarnason og Sigurlaug Birna Sigurðardóttir voru fulltrúar Grenivíkurskóla að þessu sinni.

Danstímar: Jóhanna Elín danskennari kom til okkar í haust og kenndi dans. Ekki tókst að halda danssýningu eins og venjulega þar sem samkomutakmarkanir voru hertar verulega í vikunni sem sýningin átti að fara fram í.

Samskólasamstarf: Samstarf samskólanna var með minnsta móti í vetur vegna samkomutakmarkana. Þó tókst að halda vel heppnað ball í Grenivíkurskóla í mars.

Hreyfivikur: Á skólaárinu gerðum við tilraun með svokallaðar hreyfivikur. U.þ.b. eina viku í mánuði byrjuðum við alla skóladaga á hreyfingu (göngu- eða hlaupatúr, stöðvaþjálfun í salnum, jóga, dans eða leikjum), fórum svo í rólega lestrarstund og að því loknu í morgunmat. Þessar vikur gáfu góða raun og er stefnan að hafa fastar hreyfi-/lestrarstundir alla morgna ásamt morgunmat á næsta skólaári.

Útivistardagar að vori: Fimmtudaginn 27. maí og föstudaginn 28. maí voru útivistardagar. Veður var milt og gott. Á fimmtudeginum plöntuðu nemendur trjám, fóru í hjólaferð í kringum Höfðann og í gönguferð upp að Finnastaðatjörn. Á föstudeginum fóru nemendur í 5.-6. bekk í fræðandi sjóferð með Húna II en á meðan fóru nemendur í 1.-4. bekk og 7. bekk í sund á Hrafnagili og borðuðu svo nesti í Kjarnaskógi. Unglingastigið var í skólaferðalagi þessa daga.

Skólaferðalag: Nemendur í 8.-10. bekk fóru í skólaferðalag dagana 25.-29. maí. Að þessu sinni var ekki hægt að halda til útlanda vegna Covid-19 en í staðinn var boðið upp á sannkallaða lúxusferð innanlands. Edda Björnsdóttir og Guðrún Árnadóttir héldu utan um ferðasjóðinn og skipulögðu ferðalagið sem var afar vel heppnað og nemendur ánægðir með ferðina.

Nemendaráð: Nemendaráðið var duglegt í vetur, stóð fyrir ýmsum uppákomum eins og þemadögum og íþróttakeppni við kennara.

Samvera á Svæði: Í fyrsta tíma eftir hádegi á mánudögum eru samverustundir á Svæði. Ýmislegt var gert á þessum samverustundum í vetur, nemandi vikunnar dreginn, rætt um málefni sem snerta nemendur, lesið, farið yfir þær óskráðu reglur sem gilda manna á milli, æft fyrir vorskemmtun, verkefni nemenda kynnt, fjallað um þær bækur sem nemendur eru að lesa, sungið og ýmislegt fleira.

Gestir: Við fengum ekki mjög marga gesti til okkar í vetur í ljósi stöðunnar í samfélaginu. Þó komu fulltrúar frá Árnastofnun í heimsókn í 5.-6. bekk og voru með kynningu á handritunum, en 50 ár eru síðan þau komu til Íslands. Nokkrir rithöfundar, þau Ævar Þór Benediktsson, Guðni Línadal Benediktsson og hjónin Björk Jakobsdóttir og Gunnar Helgason voru með upplestur úr bókum sínum fyrir jólin, en það var allt í gegnum fjarfundarbúnað. Fleiri fjarkynningar fengum við, t.d. frá Orku Náttúrunnar og þá kom fulltrúi frá FVSA með fræðslu fyrir nemendur í 9.-10. bekk um réttindi og skyldur á vinnumarkaði.

Annað: Veturinn var mildur og veðurfar almennt mjög gott. Aldrei þurfti að fella niður skólalagd vegna veðurs. Runólfur (kveðjuhátið 10. bekkinga) var á sínum stað, leiksýningar, skíðaferð og margt fleira. Samkomutakmarkanir settu skólastarfinu

vissulega skorður eins og lesa má um hér að ofan og ýmsir fastir liðir féllu út, en við reyndum eftir megni að halda í hefðirnar og má segja að við höfum þó verið heppin að geta haldið úti því sem næst hefðbundnu skólastarfi. Lesa má um flest sem gert var á heimasíðu skólans og/eða í fréttabréfum sem gefin eru út mánaðarlega á starfstíma skólans.

Covid-19: Sem fyrr segir litaðist skólastarfið að einhverju leyti af Covid-19 faraldrinum sem geysað hefur síðustu 15 mánuði. Það reyndi aldeilis á sveigjanleika og útsjónarsemi starfsfólks og einnig þurftu nemendur að aðlagast ýmsum breytingum, s.s. grímuskyldu og fjarlægðartakmörkunum. Með samstilltu átaki starfsfólks, foreldra og nemenda þá tókst sem fyrr segir að halda úti nokkurn veginn hefðbundnu skólastarfi í gegnum allt skólaárið og er það afar mikilvægt.

5. Símenntun

Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og skólastjóra að bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi. Símenntun kennara skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skólans og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skóla. Skólastjóri getur ákveðið að einstakir kennarar eða kennarahópar sækji skilgreinda fræðslu. Tími til starfsþróunar markast af sammingsbundnum 102 klst á ári til símenntunar og undirbúnings kennara.

Þennan texta er að finna í kjarasamningi KÍ. Í Grenivíkurskóla hefur verið mörkuð sú stefna að hafa endurmenntun kennara markvissa og með þeim hætti að hún skili sem mestum árangri fyrir hópinn og skólasamfélagið í heild. Skipta má starfsþróun kennara í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Símenntun fer að mestu fram á starfstíma skólans. Af þeirri endurmenntun sem allir kennarar skólans sóttu í vetur má nefna Utís Online ráðstefnuna í september þar sem fjallað var um skólamál með fjölbreyttum hætti, námskeið í Google-umhverfinu og forritum sem heyra undir það, skyndihjáparnámskeið, fyrirlestur um svefn og ýmislegt fleira.

Kennarar sóttu einhverjar menntabúðir á vegum Eymenntar en þar er boðið upp á ýmsa tæknikennslu. Næsta vetur er stefnan að nýta okkur þessar búðir enn betur. Þessu öllu

til viðbótar sinntu kennarar símenntun sem tengist þeirra kennslugreinum, t.a.m. með lestri fræðigreina og bóka, áhorfi á fræðsluþætti o.s.frv.

Kennarar skrá niður símenntun og halda utan um þessa skráningu í sérstakri símenntunarmöppu á sameignardrifi kennara. Á vorin skila þeir svo af sér til skólastjóra.

Símenntunaráætlun fyrir næsta skólaár liggur fyrir en þar eru áhersluþættirnir teymisvinna/teymiskennsla, upplýsingatækni, agastjórnun, hæfnimiðað nám og námsmat og fleira.

6. Sjálfsmat og námskrá

Unnið var samkvæmt skólanámskrá Grenivíkurskóla í vetur. Ýmis konar sjálfsmatsvinna fór einnig fram. Ekki var unnið út frá sérstakri áætlun um sjálfsmat, en stefnt er að því að móta slíka áætlun til að vinna eftir á næsta skólaári. Áfram var unnið að umbótum í kjölfar ytra mats Menntamálaráðuneytisins og var stöðumati á umbótaáætlun skilað til ráðuneytis á vordögum og stefnt að því að klára þær umbætur sem eftir eru á næsta skólaári.

Kennarar skólans héldu innanhússþing í september þar sem skólastarfið var ígrundað og leiðir til þess að gera gott starf betra ræddar. Góðar umræður sköpuðust sem mynduðu grundvöll fyrir frekari samræður sem áttu sér stað í gegnum skólaárið. Á vordögum var svo ákveðið, meðal annars á grundvelli áður nefndra umræðna, að ráðast í markvissar og nokkuð róttækar breytingar á skipulagi skólastarfs í Grenivíkurskóla. Stefnan er að taka upp teymisvinnu og teymiskennslu, setja inn hreyfistundir og morgunmat á hverjum degi, færa alla nemendur í 35 kennslustundir á viku (37 hjá unglingastigi) og endurskoða uppsetningu stundatafla og kennslustunda. Mikilvægt er að þessar breytingar verði metnar með markvissum hætti og að allir aðilar skólasamfélagsins fái tækifæri til þess að segja sína skoðun á því hvernig til tekst.

Að vanda var farið vel yfir niðurstöður samræmdra prófa, þeirra sem náðist að halda. Niðurstöður prófanna voru skoðaðar með hlutaðeigandi kennurum og leitað var leiða til að bæta það sem betur mátti fara.

Niðurstöður úr foreldrarviðtölum voru reifaðar, athugasemdir og ábendingar frá foreldrum ræddar og ígrundaðar og leitað var lausna á því sem þar kom fram. Útkoma á Olweusarkönnuninni voru enn fremur ræddar sem og niðurstöður hinna ýmsu skimana og prófa sem fram fara árlega. Þá svaraði allt starfsfólk starfspróunarkönnun á haustönn og vorönn ásamt því að eiga starfspróunarsamtal við skólastjóra á vorönn. Þessi samtöl voru almennt góð og niðurstöðurnar jákvæðar.

7. Lokaorð

Skólaárið 2020-2021 var heilt yfir gott þótt vissulega hafi Covid-19 haft áhrif líkt og margoft hefur komið fram. Skólaárið var fjölbreytt, annasamt, krefjandi og lærdómsríkt. Skólabragur er góður og í skólanum ríkir góður andi, bæði meðal nemenda og starfsfólks. Starfsmannahópurinn er samheldinn og öflugur og vinnur ötullega að því að í skólanum líði nemendum vel og að þar finni þeir fyrir öryggi. Þessi atriði eru grundvöllur þess að nemendur nái árangri í námi. Nemendahópurinn er líflegur og samheldinn, duglegur og vinnusamur. Eldri nemendur sýna ríka ábyrgðartilfinningu gagnvart yngri nemendum og taka mikinn þátt í félagslegu uppeldi yngstu nemendanna. Í ferðum á vegum skólans hafa nemendur verið til fyrirmyndar og sér og skólanum til sóma. Samskipti nemenda hafa á heildina litið verið góð þótt reglulega komi upp vandamál í samskiptum sem þarf að taka á. Í vetur hefur tekist vel til að vinda ofan of slíkum málum með góðri samvinnu heimila og skóla og samræðu nemenda, kennara og skólastjóra.

Þorgeir Rúnar Finnsson

Skólastjóri

Viðauki 1 – nemendaskrá

Nemendur Grenivíkurskóla 1. júní 2021

| 10. bekkur | Kennitala | Heimilisfang | Sími | 3 |
|----------------------------------|-------------|------------------|-------------------|----|
| Karen Fatima Róbertsdóttir | 050505-3670 | Höfðagata 1b | 463 3301 | |
| Sigríður Edda Ingólfssdóttir | 100605-3170 | Lækjarvellir 10 | 463 3292 | |
| Sígurlaug Anna Sveinsdóttir | 231205-3060 | Áshóll | 463 3220 | |
| 9. bekkur | Kennitala | Heimilisfang | Sími | 5 |
| Bjarni Ben Stefánsson | 191106-3690 | Ægissíða 21 | 463 3306/463 3312 | |
| Elmar Ingi Gunnþórsson | 230506-3290 | Höfðagata 9 | 463 3313 | |
| Jasmin Yr Stefánsdóttir | 310706-2130 | Ægissíða 7 | 847 6980 | |
| Ólína Helga Sigþórsdóttir | 200806-3010 | Ægissíða 27 | 463 3364 | |
| Sigurður Einar Þorkelsson | 080806-4260 | Höfði I | 463 3264 | |
| 8. bekkur | Kennitala | Heimilisfang | Sími | 3 |
| Embla Lind Ragnarsdóttir | 150307-3680 | Hléskógar | 462 4878 | |
| Jakub Janusz Slezinski | 281107-2400 | Lækjarvellir 4 | | |
| Marsibil Anna Snædahl Árnadóttir | 090607-3160 | Bakkahlíð 29 | 690-6700 | |
| 7. bekkur | Kennitala | Heimilisfang | Sími | 8 |
| Birgir Húni Haraldsson | 110808-3990 | Túngata 21 | 463 3289 | |
| Gabriel Örn Stefánsson | 090408-3480 | Ægissíða 7 | 847 6980 | |
| Inga Sóley Jónsdóttir | 061008-3490 | Ægissíða 22 | 463 3174 | |
| Jóhann Kári Birgisson | 220708-3810 | Miðgarðar 8 | 463 3134 | |
| Olgeir Máni Bjarnason | 230408-3430 | Ægissíða 29 | 8983551/6668700 | |
| Rúnar Haukur Gunnarsson | 030508-3350 | Laufás | 463 3106 | |
| Sígurlaug Birna Sigurðardóttir | 160708-4090 | Ægissíða 32 | 463 3224 | |
| Tómas Rafn Harðarson | 030708-3420 | Melgata 5 | 463 3323 | |
| 6. bekkur | Kennitala | Heimilisfang | Sími | 6 |
| Aníta Ingvarsdóttir | 030509-3150 | Lækjarvellir 12 | 463 3262 | |
| Hilmar Mikael Þorsteinsson | 231209-4170 | Túngata 9a | 463 3131 | |
| Jón Barði Sigurbjörnsson | 100209-3810 | Túngata 28 | 463 3320 | |
| Linda Rakel Harðardóttir | 270909-2560 | Melgata 3 | 699 0732 | |
| Maciej Jerzy Slezinski | 231009-2800 | Lækjarvellir 4 | | |
| Móeiður Alma Gísladóttir | 260609-3350 | Melgata 6 | 463 3248 | |
| 5. bekkur | Kennitala | Heimilisfang | Sími | 8 |
| Baldur Þór Henrysson | 110510-3060 | Höfðagata 12 | 845 1510 | |
| Katla Eyfjörð Þorgeirsdóttir | 300810-2250 | Túngata 15 | 868 2385 | |
| Kristjana Elín Sigþórsdóttir | 280510-2380 | Ægissíða 27 | 463 3364 | |
| Selma Lind Björnsdóttir | 010110-2970 | Lækjarvellir 14 | 571 0374 | |
| Sigurður Arnfjörð Bjarnason | 030310-2920 | Ægissíða 29 | 8983551/6668700 | |
| Smári Signar Viðarsson | 290610-2220 | Ægissíða 34 | 463 3180 | |
| Svavar Orri Gunnþórsson | 180710-2560 | Höfðagata 9 | 463 3313 | |
| Tryggvi Hrafn Haraldsson | 270710-3870 | Túngata 21 | 463 3289 | |
| 4. bekkur | Kennitala | Heimilisfang | Sími | 5 |
| Agust Hrafn Guðjónsson | 091211-2970 | Túngata 26 | 466 3794 | |
| Björg Guðrún Sigurbjörnsdóttir | 231011-2260 | Túngata 28 | 463 3320 | |
| Ísadóra Arnbjörg Anselmo | 161111-3090 | Melgata 12 | 773 6800 | |
| Rakel Yr Ingibjargardóttir | 180211-2250 | Höfðagata 1a | 571 4367 | |
| Sindri Páll Ragnarsson | 010311-2410 | Hléskógar | 462 4878 | |
| 3. bekkur | Kennitala | Heimilisfang | Sími | 6 |
| Angantyr Magni Guðmundsson | 120712-2680 | Akurbakkavegur 9 | 8961457/8670999 | |
| Ari Logi Bjarnason | 190112-3490 | Ægissíða 29 | 8983551/6668700 | |
| Bjartur Ingi Jónsson | 210912-2820 | Túngata 16 | 856 2460 | |
| Kristófer Darni Birgisson | 140212-2370 | Miðgarðar 8 | 463 3134 | |
| Gylfi Björnsson | 291012-3370 | Lækjarvellir 14 | 571 0374 | |
| Valtýr Máni Sigurðsson | 231212-2990 | Höfðagata 1a | 571 4367 | |
| 2. bekkur | Kennitala | Heimilisfang | Sími | 2 |
| Tristan Logi Stefánsson | 220913-2440 | Ægissíða 7 | 847 6980 | |
| Trausti Loki Stefánsson | 220913-2520 | Ægissíða 7 | 847 6980 | |
| 1. bekkur | Kennitala | Heimilisfang | Sími | 8 |
| Alexander Smári Hákonarson | 270414-2570 | Túngata 12 | 698 2415 | |
| Bella Guðjónsdóttir | 201114-2760 | Túngata 26 | 466 3794 | |
| Ellen Birna Harðardóttir | 060614-2610 | Melgata 3 | 699 0732 | |
| Hermann Ingi Harðarson | 260814-2220 | Lækjarvellir 6 | | |
| Lilja Katrín Harðardóttir | 310514-2170 | Melgata 5 | 463 3323 | |
| Lýra Louise Anselmo | 011214-2150 | Melgata 12 | 773 6800 | |
| Natalía Margrét Einarsdóttir | 230914-3970 | Túngata 24 | 845 5930 | |
| Páll Þórir Þorkelsson | 171014-3520 | Höfði I | 463 3264 | 54 |

Viðauki 2 – skóladagatal

Samband Íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2020 - 2021

Nafn skóla:

Grenivíkurskóli

| Árslst | SEPTEMBER | | | OCTÓBER | | | NOVEMBER | | | DESEMBER | | | JANÚAR | | | FEBRUAR | | | MARS | | | APRÍL | | | MÁJ | | | JÚNÍ | | | | |
|--------|-----------|------|------|---------|------|------|----------|------|------|----------|------|------|--------|------|------|---------|------|------|------|------|------|-------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|--|
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 23 | 24 | 25 | 26 | 27 | 28 | 29 | 30 | 31 | |
| 1 L | 1 D | 2 M | 3 F | 4 F | 5 M | 6 S | 7 M | 8 D | 9 F | 10 L | 11 F | 12 M | 13 M | 14 F | 15 F | 16 M | 17 S | 18 M | 19 D | 20 F | 21 M | 22 M | 23 F | 24 M | 25 F | 26 M | 27 L | 28 M | 29 F | 30 M | 31 M | |
| 2 S | 3 F | 4 F | 5 M | 6 S | 7 M | 8 D | 9 F | 10 L | 11 F | 12 M | 13 M | 14 F | 15 F | 16 M | 17 S | 18 M | 19 D | 20 F | 21 M | 22 M | 23 F | 24 M | 25 F | 26 M | 27 L | 28 M | 29 F | 30 M | 31 M | | | |
| 3 M | 4 F | 5 M | 6 S | 7 M | 8 D | 9 F | 10 L | 11 F | 12 M | 13 M | 14 F | 15 F | 16 M | 17 S | 18 M | 19 D | 20 F | 21 M | 22 M | 23 F | 24 M | 25 F | 26 M | 27 L | 28 M | 29 F | 30 M | 31 M | | | | |
| 4 D | 5 M | 6 S | 7 M | 8 D | 9 F | 10 L | 11 F | 12 M | 13 M | 14 F | 15 F | 16 M | 17 S | 18 M | 19 D | 20 F | 21 M | 22 M | 23 F | 24 M | 25 F | 26 M | 27 L | 28 M | 29 F | 30 M | 31 M | | | | | |
| 5 M | 6 S | 7 M | 8 D | 9 F | 10 L | 11 F | 12 M | 13 M | 14 F | 15 F | 16 M | 17 S | 18 M | 19 D | 20 F | 21 M | 22 M | 23 F | 24 M | 25 F | 26 M | 27 L | 28 M | 29 F | 30 M | 31 M | | | | | | |
| 6 F | 7 M | 8 D | 9 F | 10 L | 11 F | 12 M | 13 M | 14 F | 15 F | 16 M | 17 S | 18 M | 19 D | 20 F | 21 M | 22 M | 23 F | 24 M | 25 F | 26 M | 27 L | 28 M | 29 F | 30 M | 31 M | | | | | | | |
| 7 F | 8 D | 9 F | 10 L | 11 F | 12 M | 13 M | 14 F | 15 F | 16 M | 17 S | 18 M | 19 D | 20 F | 21 M | 22 M | 23 F | 24 M | 25 F | 26 M | 27 L | 28 M | 29 F | 30 M | 31 M | | | | | | | | |
| 8 L | 9 M | 10 M | 11 F | 12 M | 13 M | 14 F | 15 F | 16 M | 17 S | 18 M | 19 D | 20 F | 21 M | 22 M | 23 F | 24 M | 25 F | 26 M | 27 L | 28 M | 29 F | 30 M | 31 M | | | | | | | | | |
| 9 S | 10 M | 11 F | 12 M | 13 M | 14 F | 15 F | 16 M | 17 S | 18 M | 19 D | 20 F | 21 M | 22 M | 23 F | 24 M | 25 F | 26 M | 27 L | 28 M | 29 F | 30 M | 31 M | | | | | | | | | | |
| 10 M | 11 F | 12 M | 13 M | 14 F | 15 F | 16 M | 17 S | 18 M | 19 D | 20 F | 21 M | 22 M | 23 F | 24 M | 25 F | 26 M | 27 L | 28 M | 29 F | 30 M | 31 M | | | | | | | | | | | |
| 11 D | 12 L | 13 M | 14 F | 15 F | 16 M | 17 S | 18 M | 19 D | 20 F | 21 M | 22 M | 23 F | 24 M | 25 F | 26 M | 27 L | 28 M | 29 F | 30 M | 31 M | | | | | | | | | | | | |
| 12 M | 13 M | 14 F | 15 F | 16 M | 17 S | 18 M | 19 D | 20 F | 21 M | 22 M | 23 F | 24 M | 25 F | 26 M | 27 L | 28 M | 29 F | 30 M | 31 M | | | | | | | | | | | | | |
| 13 F | 14 M | 15 F | 16 M | 17 S | 18 M | 19 D | 20 F | 21 M | 22 M | 23 F | 24 M | 25 F | 26 M | 27 L | 28 M | 29 F | 30 M | 31 M | | | | | | | | | | | | | | |
| 14 F | 15 F | 16 M | 17 S | 18 M | 19 D | 20 F | 21 M | 22 M | 23 F | 24 M | 25 F | 26 M | 27 L | 28 M | 29 F | 30 M | 31 M | | | | | | | | | | | | | | | |
| 15 L | 16 M | 17 S | 18 M | 19 D | 20 F | 21 M | 22 M | 23 F | 24 M | 25 F | 26 M | 27 L | 28 M | 29 F | 30 M | 31 M | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 16 S | 17 F | 18 M | 19 D | 20 F | 21 M | 22 M | 23 F | 24 M | 25 F | 26 M | 27 L | 28 M | 29 F | 30 M | 31 M | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 17 M | 18 F | 19 D | 20 F | 21 M | 22 M | 23 F | 24 M | 25 F | 26 M | 27 L | 28 M | 29 F | 30 M | 31 M | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 18 D | 19 M | 20 F | 21 M | 22 M | 23 F | 24 M | 25 F | 26 M | 27 L | 28 M | 29 F | 30 M | 31 M | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 19 M | 20 F | 21 M | 22 M | 23 F | 24 M | 25 F | 26 M | 27 L | 28 M | 29 F | 30 M | 31 M | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 20 F | 21 M | 22 M | 23 F | 24 M | 25 F | 26 M | 27 L | 28 M | 29 F | 30 M | 31 M | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 21 F | 22 D | 23 M | 24 F | 25 M | 26 F | 27 L | 28 M | 29 F | 30 M | 31 M | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 22 L | 23 M | 24 F | 25 M | 26 F | 27 L | 28 M | 29 F | 30 M | 31 M | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 23 S | 24 M | 25 F | 26 M | 27 L | 28 M | 29 F | 30 M | 31 M | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 24 M | 25 F | 26 M | 27 L | 28 M | 29 F | 30 M | 31 M | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 25 D | 26 M | 27 L | 28 M | 29 F | 30 M | 31 M | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 26 M | 27 L | 28 M | 29 F | 30 M | 31 M | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 27 F | 28 M | 29 F | 30 M | 31 M | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 28 F | 29 M | 30 F | 31 M | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 29 L | 30 M | 31 M | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 30 S | 31 M | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 31 M | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.
Sérstakir starfsdagur kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir á skólstjóra í samráði við kennara og með hlífðun á kjarasamningum.
Starfsdagur kennara utan starfstíma nemenda eru 8.